

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ólafs Þ. Ágústssonar, skátaforingja í Njarðvíkum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. desember 1965.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

**Minningarsjóðs Ólafs Þ. Ágústssonar, skátaforingja í Njarðvíkum.**

**1. gr.**

Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður Ólafs Þ. Ágústssonar skátaforingja.

**2. gr.**

Sjóðurinn er stofnaður af þátttakendum og leiðbeinendum á Gilwellnámskeiði fyrir skátaforingja, sem haldið var á Úlfjótuvatni í september 1964.

**3. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja æðri foringja í Skátafélaginu Víkverjar í Njarðvíkum til að afla sér foringjapjálfunar.

**4. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 5 000.00, sem stjórn sjóðsins er skylt að ávaxta á sem hagkvæmasta hátt, og skal þá hafa hliðsjón af breytilegu verðlagi.

**5. gr.**

Öllum er heimilt að styrkja sjóðinn með gjöfum.

**6. gr.**

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða en heimilt skal stjórn sjóðsins að nota allt að  $\frac{3}{4}$  vaxta samkvæmt 3. gr.  $\frac{1}{4}$  vaxta ásamt gjöfum skulu leggjast við stofnfé sjóðsins, unz sjóðurinn hefur fimmfaldazt. Má þá nota vexti alla.

**7. gr.**

Stjórn sjóðsins skulu skipa 3 menn. Skulu það vera félagsforingi Víkverja og tveir aðrir, kosnir til 3 ára, annar af stofnendum, hinn af fjölskyldu hins látna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

**8. gr.**

Stjórnin skal halda gerðabók sem í skal skráð:

1. Skipulagsskrá sjóðsins.
2. Styrkveitingar.
3. Tekjur og gjöld.
4. Önnur mál er sjóðinn varða.

**9. gr.**

Stjórninni skal skylt að láta löggiltan endurskoðanda líta yfir reikninga á 2 ára fresti.

**10. gr.**

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af Forseta Íslands (Verndara íslenzkra skáta) og öðlast hún þá gildi. Skal hún síðan birtast í B-deild Stjórnartíðinda.